

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

747. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 7. maí 2012 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss.
2. Bréf fjallskiladeilda Miðfirðinga og Hrútfirðinga.
3. Bréf Sveitasetursins Gauksmýri.
4. Uppsögn á leiguíbúð að Kirkjuvegi 8.
5. Fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir á fundinn til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem í gangi eru, svo sem viðgerð á lögnum í Hlíðarvegi, dreifikerfi vatns og hitaveitu í Kirkjuhvammi, útrásir ofl.
2. Lagt fram bréf fjallskiladeilda Miðfirðinga og Hrútfirðinga dags. 18. apríl 2012, þar sem óskað er eftir 1,5 millj. kr. framlagi til að halda áfram með endurnýjun girðingar milli afrétta Miðfirðinga og Hrútfirðinga á árinu 2012. Ekki er gert ráð fyrir framlagi í fjárhagsáætlun ársins 2012 og hafnar því Byggðarráð erindinu.
3. Lagt fram bréf frá Sveitasetrinu Gauksmýri dags. 2. maí 2012, þar sem óskað er eftir að kannað verði hvort hægt sé að leggja hitaveitu að Gauksmýri sem fyrst. Erindinu vísað til skoðunar tæknideildar.
4. Lögð fram til kynningar uppsögn á leiguíbúð að Kirkjuvegi 8 á Hvammstanga.
5. Lögð fram til kynningar fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga frá 27. apríl s.l.

Samþykkt að taka á dagskrá.

6. Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Selaseturs Íslands ehf. sem haldinn verður í Dæli 23. maí n.k. kl. 20:00.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:36

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Böðvarsson.

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg

Sigurður Kjartansson